

Þjálfun starfsfólks í réttarvörslukerfi í
áfalla- og kynjamiðaðri nálgun á vegum
Center for Gender and Justice

CG&J

Í samstarfi Rótarinnar, þverfaglegs geðheilsuteymis fanga (GHF) og
meðferðarsviðs Fangelsismálastofnunar



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Efnisyfirlit

Ágæta Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra.....	3
Samantekt	4
A. hluti - Fjarþjálfun	5
Undirstöðupjálfun fyrir starfsfólk, stjórnendur og leiðbeinendur í <i>Að tileinka sér áfallamiðaða nálgun</i>	5
B. hluti - Staðþjálfun	5
Grunnþjálfun fyrir leiðbeinendur í <i>Karlar á batavegi</i> (e. <i>Helping Men Recover</i>) og <i>Konur finna styrk sinn</i> (e. <i>Helping Women Recover</i>)	5
C. hluti - Staðþjálfun	6
Þjálfun fyrir leiðbeinendur og annað starfsfólk í <i>Karlar og áföll</i> (e. <i>Exploring Trauma+</i>) og <i>Áföll - leiðir til bata</i> (e. <i>Healing Trauma</i>)	6
Viðhengi 1 - Um Center for Gender and Justice og dr. Stephanie S. Covington	6
Um CG&J og dr. Covington	6
Fangelsisverkefni CG&J og dr. Covington.....	7
Nánari upplýsingar	8
Viðhengi 2. Um Rótina, námskeið og annað starf	9
Samstarfsverkefni á Íslandi	9
Evrópskt samstarf.....	9
Konur finna styrk sinn	10
Áföll - Leiðir til bata	10
Karlar á batavegi: Vímuefnameðferð fyrir karla	11
Karlar og áföll. Stutt inngrip fyrir karla.....	12
Viðhengi 3. Samstarfsyfirlýsing FMS.....	13
Viðhengi 4. Samstarfsyfirlýsing GHF.....	14

Reykjavík 3. sept. 2021

Ágæta Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra.

Við, Rótin, geðheilsuteymi fanga (GHF) og Fangelsismálastofnun (FMS), leitum til þín vegna verkefnis sem felur í sér þjálfun starfsfólks í réttarvörslukerfinu og þeirra sem vinna með fólk sem þangað kemur.

Rótin hefur um nokkurra ára skeið unnið að því að byggja upp þekkingu á áfalla- og kynjamiðaðri nálgun og höfum allt frá haustinu 2018 boðið upp á námskeið fyrir konur með vímuefnavanda og áfallasögu. Guðrún Ebba Ólafsdóttir hefur þýtt námskeiðin úr ensku og þróað þau í ljósi reynslunnar á Íslandi. Í byrjun árs hóf félagið samstarf við Hlaðgerðarkot og bauð konum sem þar eru í meðferð þátttöku í námskeiðum og í kjölfarið var bætt við námskeiði fyrir karla. Í sumari var þetta mikilvæga þróunarverkefni svo styrkt af félagsmálaráðherra og er tryggt næsta árið.

Árangur af þessum námskeiðum hefur verið mjög góður. Þátttakendur svara könnun um ánægju með þátttökuna. Óhætt að segja að gríðarleg ánægja hefur verið meðal þátttakenda sbr. þessa tilvitnun í karl sem tók þátt í námskeiðinu um hvað væri honum efst í huga.

Þakklæti. Þakklæti fyrir að víkka sjóndeildarhringinn hjá mér og opna augun mín fyrir því að það var hellingur af óunnum málum og áföllum sem ég var áður blindur fyrir.¹

Rótin rekur Konukot og þar þjónum við mörgum þeirra kvenna sem einnig eiga sögu í réttarvörslukerfinu og höfum mikinn áhuga á að hafa jákvæð áhrif í þessum málaflökki. Hagsmunir fólks með vímuefnavanda og fanga liggja saman á mörgum stöðum og mikilvægt er að stuðla að þjónustu sem byggir á nýrri, gagnreyndri þekkingu og tekur mið af þeim fjölbætta vanda sem þessir einstaklingar glíma oft við.

Við teljum að verkefnið geti haft mikil og góð áhrif í réttarvörslukerfinu, ekki síst þar sem mikilvægt samstarf hefur verið tryggt við Fangelsismálastofnun og geðheilsuteymi fanga.

Meðfylgjandi eru ítarlegar upplýsingar um verkefnið en við óskum einnig eftir því að koma og kynna verkefnið fyrir þér og þínu ráðuneyti.

Sótt er um styrk að upphæð 10.494.689 kr.

Með von um jákvæð svör,

Virðingarfyllst, f.h. Rótarinnar, FMS og GHF



Kristín I. Pálsdóttir

Sími 893 9327 - kristin@rotin.is

Afrit af erindinu verður einnig sent á félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra.

¹ Sjá mat úr Hlaðgerðarkoti: <https://www.rotin.is/mat-a-namskeidum-i-hladgerdarkoti/>.

Samantekt

Verkefnið felur í sér að fá hingað til lands sérfræðinga frá Center for Gender and Justice, (CG&J), sem starfar í Kaliforníu, til að þjálfa starfsfólk fangelsanna, geðheilsuteymis og Rótarinnar. Þá mun Guðrún Ebba Ólafsdóttir kynna íslensku þýðinguna, aðlögun efnisins og reynsluna af því að halda námskeiðin hér á landi í tengslum við staðþjálfunina.

Verkefnið er framkvæmt í þremur lotum.

- Sú fyrsta felur í sér undirstöðuþjálfun fyrir starfsfólk, stjórnendur og leiðbeinendur í að tileinka sér áfallamiðaða nálgun og fer fram á netinu. Allt að 45 þátttakendur fá þá fræðslu. S
- Næsti áfangi felur í sér grunnþjálfun í að fyrir leiðbeinendur í leiðsagnarhópnum *Karlar á batavegi* (e. *Helping Men Recover*) og *Konur finna styrk sinn* (e. *Helping Women Recover*). Leiðbeinendur frá CG&J koma til landsins og leiðbeina í þessum hluta sem allt að 45 manns geta tekið þátt í.
- Þriðji og síðasti hlutinn, innan þessa ramma, felur í sér að einni áfangarnir tveir fara fram hér á Íslandi og koma til landsins sérhæfðir leiðbeinendur til að þjálfa starfsfólk upp í að leiða kynjaskipt námskeið og hópa. Allt að 45 fá þá fræðslu.

Námsefnið er gagnreynt og viðurkennt af Bandarískum heilbrigðisyfirvöldum og notað víða um heim, m.a. í 35 fangelsum í Kaliforníu og 28 í Bretlandi.

Samstarfsaðilar okkar í Bandaríkjunum hafa langa og fjölbreytta reynslu af vinnu með fólk með vímuefnavanda og fólk í réttarvörslukerfi og Stephanie S. Covington, önnur af forstöðukonum CG&J, er frumkvöðull í alþjóðlegur samhengi á sviði áfalla- og kynjamiðaðrar nálgunar.

Áfallamiðuð nálgun er aðferðafræði sem hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförunum áratug og miðar að því að skapa umhverfi og aðstæður þar sem allir eru öruggir, hafa val og sjálfstjórn eins og hægt er miðað við aðstæður.

Kynjuð stefna og framkvæmd miðar að því að tekið sé tillit til með hvaða hætti félagslegir þættir eins og kynhlutverk- og sambönd, hefðir, kynímynd og stefna, er varðar kyn og kyngervi, hafa áhrif á neyslu og meðferð. Hún tekur einnig til þess líffræðilegra þátta sem hafa áhrif á neyslu og meðferð einstaklinga. Aðferðir sem auka jafnrétti og leiðréttu valdamisrétti kynjanna miða að því að rannsaka og breyta neikvæðum staðalímyndum kynjanna. Slík nálgun eykur jafnrétti í úrræðum fyrir fólk með fíknivanda.

Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið styður við eftirfarandi sjálfbærnimarkmið.



A. hluti – Fjarþjálfun

Undirstöðupjálfun fyrir starfsfólk, stjórnendur og leiðbeinendur í *Að tileinka sér áfallamiðaða nálgun*

Fjarþjálfun 2 dagar 4 klst. á dag 45 þátttakendur

Að tileinka sér áfallamiðaða nálgun (e. *Becoming Trauma Informed - BTI*) er 7 klst. þjálfun sem miðar að því að bæta þjónustu í réttarvörslukerfinu. Þjálfunin er ætluð öllu starfsfólki og stjórnendum í betrunarúrræðum. Vaxandi þekking er á áhrifum vanrækslu og misnotkunar á börnum (og fleiri tegundum áfalla) á heilsu, bæði líkamlega og andlega, og hegðun fólks. Því er nauðsynlegt að innan stofnana og úrræða sé til þekking á áhrifum áfalla. Starfsfólk í réttarvörslukerfinu sem fær þjálfun í áfallamiðaðri nálgun öðlast betri skilning á hegðun sem oft er afleiðing áfallasögu og nýja færni í að bregðast við slíkri hegðun.

Þau atriði sem unnið er með í þjálfuninni eru:

- Ofbeldi í heiminum
- Áfallaferlið og afleiðingar þess
- Áfallamiðuð þjónusta
- Kveikjur (e. *Triggers*)
- Óyrt samskipti
- Stigmögnun og niðurtröppun
- Afleidd áfallareynsla og streita í starfi
- Sjálfsumönnun
- Vinnuumhverfið
- Róandi aðferðir og slökun

B. hluti – Staðþjálfun

Grunnþjálfun fyrir leiðbeinendur í *Karlar á batavegi* (e. *Helping Men Recover*) og *Konur finna styrk sinn* (e. *Helping Women Recover*)

Staðþjálfun 3 dagar 7,5 klst. á dag 25-45 þátttakendur

Karlar á batavegi. Meðferð við vímuefnavanda er áfallamiðað, gagnreynt og kynjamiðað meðferðarefni fyrir karla með vímuefnavanda og áfallasögu. Farið er yfir þætti sem oft vantar í ríkjandi meðferðardagskrá: skýran skilning á áhrifum félagsmótunar karla á bataferlið, að hugað sé að tengslabörfum karla og fókus á málefni sem tengjast ofbeldi og áföllum.

Konur finna styrk sinn: Meðferð við vímuefnavanda er áfallamiðað, gagnreynt og kynjamiðað, efni fyrir meðferð kvenna með vímuefnavanda og áfallasögu. Námsefnið skiptist í fjóra hluta þar sem hver og einn fjallar um þætti sem konur í meðferð tengja við bakslagskveikjur: sjálfið, sambönd, kynverund og andlegt líf. Fjallað er um sjálfsvirðingu, kynjamisrétti, upprunafjölskyldu, sambönd, ofbeldi í nánnum samböndum og áföllum.

- **Staðþjálfun** – Bæði námskeiðin kennd af tveimur vottuðum þjálfurum á þremur dögum (venjulega frá 9.00-16.30). Hámark þátttakenda er 25-45 manns í staðkennslu.

Kynning á reynslunni af efninu á Íslandi: Guðrún Ebba Ólafsdóttir kynnir íslensku þýðinguna, aðlögun efnisins og reynsluna af því að halda námskeiðin hér á landi.

C. hluti - Staðþjálfun

Þjálfun fyrir leiðbeinendur og annað starfsfólk í *Karlar og áföll* (e. *Exploring Trauma+*) og *Áföll - leiðir til bata* (e. *Healing Trauma*)

Staðþjálfun 4 dagar 4 klst. á dag 45 þátttakendur

Karlar og áföll+: Stutt inngrip fyrir karla og hinsegin fólk (e. *Exploring Trauma+*: A Brief Intervention for Men and Gender-Diverse People - ET+) og *Áföll - leiðir til bata+*: Stutt inngrip fyrir konur og hinsegin fólk (e. *Healing Trauma+*: A Brief Intervention for Women and Gender-Diverse People - HT+) eru endurskoðaðar útgáfur af þessum 6 skipta námskeiðum sem ætluð eru fólk sem hefur orðið fyrir misnotkun og ofbeldi. Þetta eru gagnreynd meðferðarúrræði sem beina sjónum að þremur meginatriðum sem bæði starfsfólk og þjónustugegar þurfa á að halda: skilning á því hvað áföll, tráma, er, áfallaferlinu, og áhrifum áfalla á bæði innra sjálf (hugsanir, tilfinningar, tiltrú, gildi) og ytra sjálf (hegðun og sambönd). Þessar nýju útgáfur endurspeglar skilning samtímans á kyni og kyngervi og hvernig það hefur færst frá því að skiptast í tvö kyn, karl og konu, yfir í það að fela í sér fjölbreytileika og reynslu trans fólks og fólks sem skilgreinir sig utan kynjatvíhyggjunnar.

- **Staðþjálfun:** Þjálfun fyrir hvort námskeið 1 dagur (venjulega frá 9-4:30). 25-45 manns geta tekið þátt.

Viðhengi 1 - Um Center for Gender and Justice og dr. Stephanie S. Covington

Um CG&J og dr. Covington

Dr. Stephanie S. Covington er forstöðukona Center for Gender og Justice í San Diego í Kaliforníu ásamt Barböru E. Bloom. Báðar hafa þær á löngum starfsferli sérhæft sig í málefnum kvenna og stúlkna í réttarvörslukerfinu og á seinustu árum útfært þá þekkingu fyrir karla og drengi.

Dr. Covington er alþjóðlega viðurkenndur sérfræðingur í klínískri sálfræði, með starfsréttindi klínískra félagsráðgjafa í Bandaríkjunum og stjórnar Ameríska kynfræðifélagsins (e. *American Board of Sexology*). Þá er hún félagi í Samtökum bandarískra hjónabands- og fjölskylduráðgjafa og Bandaríska sálfræðingafélaginu (e. *American Psychological Association*). Hér er einnig rithöfundur, ráðgjafi og fyrirlesari sem hefur starfað við sálfræðideildir Suður-Kaliforníu-háskóla, Ríkisháskólans í San Diego og California School of Professional Psychology, fv. formaður kvennanefndar Alþjóðaráðsins um alkóhólisma og fíkn (e. *International Council on Alcoholism and Addiction - ICAA*). Þá var hún aðalráðgjafi og meðferðaraðili í þættinum *Breaking Down the Bars* á sjónvarps-stöðinni Ophra Winfrey Network.

Dr. Covington er frumkvöðull á sviði vímuefnavanda og áfalla og hefur þróað náms- og meðferðarefni sem er mjög aðgengilegt, ítarlegt og gagnreynt sem nýtist vel í þjónustu við fólk með vímuefnavanda og áfallasögu. Í fyrirlestrum sínum, starfsþróunarnámskeiðum og ráðgjöf leggur hún áherslu á kerfisbreytingar og meðferðarumhverfi sem er kærleiksríkt, einkennist af samhygð og er valdeflandi og gefur fagfólki tækifæri til að öðlast færni í að fást við persónulegar breytingar, breytingar innan stofnana og samfélagsbreytingar.

Á meðal þeirra sem dr. Covington hefur starfað fyrir eru Betty Ford-stofnunin, Hanley Center, CeDAR (Center for Dependency, Addiction & Rehabilitation), fíkniefna- og afbrotamálaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna (e. UNODC), The Center for Substance Abuse Treatment í Washington, D.C., Fangelsismálastofnun Kaliforníu, (e. *California Department of Corrections and Rehabilitation*) og Her Majesty's Prison Service á Bretlandi þar sem hún leiddi innleiðingu áfallamiðaðrar nálgunar í fangelsi á Bretlandi.

Dr. Covington hefur verið eftirsótt til starfa innan og utan Bandaríkjanna og hefur unnið með yfirvöldum, ríkisstofnunum og meðferðarstofnunum víða um heim. Hún var formaður vinnuhóps um bætt meðferðarviðmið (e. *treatment improvement protocol (TIP)*) sem gefin voru út af SAMHSA (undirstofnun Bandaríska heilbrigðisráðuneytisins um vímuefnamisnotkun og geðheilbrigði). Hún var líka þátttakandi í þriggja ára rannsóknarverkefni fyrir bandarísku Fangelsismálastofnunina um kynjasambættingu: *Gender-Responsive Strategies: Research, Practice, and Guiding Principles for Women Offenders*. Verkefnið hlaut viðurkenningu Cincinnati-háskóla sem einstakt framlag á sviði fangelsismála í Bandaríkjunum og Kanada. Sjá nánar um [ferilskrá hennar hér](#).

Fangelsisverkefni CG&J og dr. Covington

Dr. Covington hefur þjálfað starfsfólk í fangelsum víða um heim og efni frá henni er notað í fangelsum í öllum ríkjum Bandaríkjanna og í Kanada, Bretlandi, Skotlandi, Sviss, Brasilíu, Guam, Nýja-Sjálandi, Ástralíu o.s.frv. Sum fangelsin nota eitt námskeið en önnur öll.

Tvö stærstu verkefni eru annars vegar í Kaliforníu þar sem efni frá Covington er notað í öllum 35 fangelsum ríkisins, bæði fyrir konur og karla. Leiðsagnarhóparnir *Konur finna styrk sinn* og *Karlar á batavegi* eru í öllum fangelsunum og þar að auki er verið að nota námskeiðið *Beyond Violence* og *Áföll - Leiðir til bata* í kvennafangelsunum. Áfallanámskeið fyrir karla er þar að auki í fimm fangelsum og verið er að innleiða það víðar. [Frétt um efni Covington fyrir karla í fangelsum í Kaliforníu](#).

Annað stórt samstarfsverkefni er með samtökunum [One Small Thing](#) sem vinna í samstarfi við fangelsismálastofnun breta (e. *Her Majesty's Prison service*) að innleiðingu áfallamiðaðrar nálgunar í fangelsi þar í landi.

Öll fangelsin á myndinni fyrir neðan hafa fengið þjálfun í að nota efnið *Becoming Trauma Informed: A Training for CJ Professionals*, sem lagt er til að verði notað hér á landi. Lögð er áhersla á að þjálfa leiðbeinendur innan fangelsanna (e. *train-the-trainer model*) sem geta viðhaldið þekkingunni. Í öllum fangelsunum er líka unnið með efnið *Moving from Trauma Informed to Trauma Responsive*. Þá er unnið með *Áföll - Leiðir til bata* í öllum kvennafangelsunum og í sumum er einnig boðið upp á *Konur finna styrk sinn* og *Beyond Violence*. Verið var að innleiða áfallanámskeið fyrir karla þegar Covid kom hægði á því starfi.

Hér má sjá þau fangelsi sem hafa tekið þátt í verkefninu sem fellst í því að þjálfa allt starfsfólk fangelsanna, forstöðufólk, fagfólk og starfsmenn á *plani*, í áfallamiðaðri nálgun með það að markmiði að breyta menningu innan fangelsanna.

WHERE WE WORK

A map of prisons in England and Wales where we are currently training.

KEY

Male Prisons

1 Peterborough

Male Prisons Long term high Secure

- 1 Frankland
- 2 Full Sutton
- 3 Garth
- 4 Wakefield
- 5 Manchester
- 6 Dovegate
- 7 Lowdham Grange
- 8 Gartree
- 9 Whitemoor
- 10 Rye Hill
- 11 Long Lartin
- 12 Woodhill
- 13 Aylesbury
- 14 Belmarsh
- 15 Swaleside
- 16 IOW

Female Prisons

- 1 Low Newton
- 2 Askham Grange
- 3 New Hall
- 4 Styal
- 5 Drake Hall
- 6 Foston Hall
- 7 Peterborough
- 8 Eastwood Park
- 9 Bronzefield
- 10 Downview
- 11 Send
- 12 East Sutton Park



Nánari upplýsingar

[Hér er myndband](#) þar sem sagt er frá verkefninu í Bretlandi og hér [grein um það á bls. 4](#).² Stofnandi samtakanna, Lady Edwina Grosvenor, er afbrotafræðingur, og heldur líka úti [áhugaverðu hlaðvarpi um afbrotafræði](#) og þar eru þessi tvö viðtöl við Covington, [hér](#) og [hér](#).

[Hér er grein](#) um starf Covington í fangelsum.

Nánari lýsingar um efni frá Stephanie Covington:

- Rannsóknir á námskeiðsefni Stephanie Covington er að finna á [hennar vef](#) og [vef CG&J](#)
- [Námskeiða- og þjálfunarefni](#)
- [Bækur til sölu](#)

² Alexandria Bradley. 2021. *Viewing Her Majesty's Prison Service through a Trauma-Informed Lens*, í *Prison Service Journal* nr. 255.

Viðhengi 2. Um Róttína, námskeið og annað starf

Róttín býður upp á fjögur gagnreynd námskeið fyrir úr smiðju Dr. Stephanie Covington og samstarfsmanna hennar, tvö fyrir konur og tvö fyrir karla.

Áfallanámskeið er í boði fyrir bæði kyn og er sex skipti ca. 90 mínútur í senn.

Leiðsagnarhópar (e. *psychodynamic groups*) fyrir bæði kyn, *Konur finna styrk sinn* og *Karlar á batavegi*, eru 10 skipti í ca. 90 mín. í senn. Miðað er við að 8-10 manns séu á hverju námskeiði en þó aldrei færri en 5.

Félagið getur einnig boðið upp á leiðsagnarhóp fyrir ungar stúlkur, sem heitir á ensku *Voices*, efnið hentar fyrir þær sem eru á aldrinum 15-25 ára og er 10 skipti, 90 mín. í senn.

Öll námskeiðin er hægt að útfæra sérstaklega fyrir fólk í réttarvörslukerfinu. Leiðsagnarhópana er hægt að hafa í allt að 20 skipti. Nánari upplýsingar um efnið er að finna á vef Dr. Covington: <https://www.stephaniecovington.com/> þar sem er að finna upplýsingar um:

Félagið býður einnig upp á námskeið sem þróuð hafa verið innan félagsins: *Þú ert ekki ein, við erum margar*, um fjölskylduslit og *Að segja frá*, fyrir konur sem vilja segja frá ofbeldi, ásamt námskeiðum um áfalla- og kynjamiðaða nálgun fyrir fagfólk. Einnig höfum við haldið námskeið um forvarnir fyrir grunnskólakennara.

Samþykktir fyrir námskeið og hópa Róttarinnar gilda á námskeiðunum og þá hefur Róttín sett sér [leiðarljós í sínu starfi sem eru okkar siðareglur](#).

Samstarfsverkefni á Íslandi

Róttín og meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot hófu samstarf um nýsköpunar- og þróunarstarf á sviði meðferðar við vímuefnavanda í janúar 2021 þegar Róttín hóf að bjóða þeim sem sækja sér meðferð í Hlaðgerðarkot þátttöku í Róttárnámskeiðum.

Á vorönn 2021 hélt Róttín fjögur námskeið í Hlaðgerðarkoti. Haldið var námskeið fyrir starfsfólk Hlaðgerðarkots hinn 27. janúar. Þá var boðið upp á tvö Róttárnámskeið fyrir konur og eitt fyrir karla á tímabilinu. [Hér má lesa um mat þátttakenda á námskeiðunum](#).

Róttín og Kvænnaathvarfið hafa tekið saman höndum um fræðslu til kvænna sem leita til athvarfsins. Róttín bauð starfs- og stjórnarkonum Kvænnaathvarfsins upp á námskeið um kynja- og áfallamiðaða nálgun í mars 2021 og haustið 2021 er boðið upp á námskeiðið *Á tímamótum – leið til aukinna lífsgæða fyrir konur* sem fá þjónustu Kvænnaathvarfsins.

Evrópskt samstarf

MARISSA-verkefnið. Evrópskt samstarfsverkefni um ofbeldi í nánnum samböndum og áfengis- og vímuefnavanda er tveggja ára Evrópskt samvinnuverkefni (2020-2022) sem hlaut styrk úr áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt. Markmið verkefnisins er að fjalla um samslátt heimilisofbeldis og vímuefnavanda og byggja upp þekkingu og þjálfva starfsfólk sem vinnur með konum sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi og glíma við vímuefnavanda. Verkefninu lýkur um mitt ár 2022. Sjá nánar: <https://www.rotin.is/marissa-verkefnid/>.

Samstarfsverkefni með Eistneskum samtökum. Pärnu Women's Support Centre, Women's Support and Information Centre, For the protection of Non-Violent Life og Róttín vinna að verkefninu "Trained specialists help to reduce domestic violence in Estonia". Verkefnið er fjármagnað af uppbyggingarsjóði EFTA, (Local Development and Poverty Reduction Program)

og varir í 18 mánuði: 01.02.2021-31.07.2022. Sjá: <https://naistetugi.ee/en/projekt/together-aware/>.

Kristín I Pálsdóttir, talskona og framkvæmdastjóri félagsins, er í vinnuhópi á vegum **Pompidou-hóps Evrópuráðsins** sem vinnur að útgáfu handbókar fyrir fagfólk um innleiðingu kynjasjónarmiða í stefnumótun og meðferð fólks sem er jaðarsett og/eða notar vímuefni. Verkefninu lýkur væntanlega í desember.

Kristín er einnig í **European Gender and Drugs Group**, sérfræðingahópi á vegum EMCDDA-Eftirlitsstofnunar Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn sem undirbýr málstofu um vímuefnavanda og kyn á stærstu ráðstefnu í Evrópu um vímuefnavanda, European Conference on Addictive Behaviours and Dependencies og heitir Lisbon Addictions. Ráðstefnan verður haldin 23.-25. nóvember 2022.

[Sjá nánar um samstarfsverkefni.](#)

Um námskeið fyrir konur

Konur finna styrk sinn

Námskeiðið *Konur finna styrk sinn* (e. *Helping women recover. A Program for Treating Addiction*) er leiðsagnarhópur fyrir konur þar sem lögð er áhersla á að vinna með rætur áfengis- og vímuefnavanda og annað andstreymi í lífi kvenna. Unnið er út frá því að vímuefnanotkun sé ekki einangrað vandamál heldur eigi sér m.a. rætur í áföllum. Tekið er á þeim fjölbætta vanda sem konur með sögu um vímuefnavanda glíma við. Unnið er með efni úr smiðju dr. Stephanie Covington sem er frumkvöðull í vinnu með vímuefnavanda kvenna með áfallasögu. Á milli tíma eru verkefni sem þátttakendur eru hvattar til að vinna svo að þær fái sem mest út úr námskeiðinu og fá þátttakendur veglega vinnubók.

Fyrir hverjar

Námskeiðið er ætlað konum sem eiga sögu um vímuefnavanda. Það hentar jafnt konum sem hafa ekki notað vímuefni í langan tíma og konum sem eru að hefja vinnu við að bæta lífsgæði sín. Hámarksfjöldi er 10 þátttakendur. Hópurinn hittist 10 sinnum.

Markmið

Markmið námskeiðsins er að konur öðlist aukna sjálfsþekkingu sem einstaklingar en skilgreini sig ekki í gegnum sambönd eða stöðu sína. Einnig að þær átti sig á styrkleikum sínum og geti byggt framtíð sína og betra líf á þeim.

Innihald

Aðaláherslan er á fjóra þætti: Sjálfsmynd, samskipti, kynverund og andlega heilsu. Innan þessara þátta eru undirflokkar þar sem farið er ítarlega í atriði sem eru mikilvæg til að auka lífsgæði og kynntar nýjar aðferðir sem stuðla að þeim. Spurt er hvað kom fyrir konurnar í stað þess að spyrja hvað sé að þeim, hvernig þær komust af og til hvaða bjargráða greip hver og ein þeirra.

Áföll - Leiðir til bata

Námskeiðinu er ætlað að styðja konur við að vinna úr afleiðingum áfalla. Athyglinni er beint að þeim áföllum sem konur eru í mestri hættu á að verða fyrir eins og kynferðisofbeldi, ofbeldi í nánnum samböndum og öðru ofbeldi á milli tengdra aðila. Kennð eru bjargráð sem nýtast við úrvinnslu áfalla almennt. Námskeiðið er kynjamiðað og byggt er á styrkleikanálgun. Það er

þróað af dr. Stephanie Covington og heitir á ensku *Healing Trauma: A Brief Intervention for Women*. Þátttakendur fá veglegt verkefnahefti. Á milli tíma eru verkefni sem konurnar eru hvattar til að vinna svo að þær fái sem mest út úr námskeiðinu.

Fyrir hverjar

Námskeiðið er fyrir konur sem glíma við afleiðingar áfalla. Námskeiðið hentar sérstakleg vel konum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Hámarksfjöldi er 8 þátttakendur.

Markmið

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti náð sér af afleiðingum áfalla, að þær finni fyrir þeim krafti sem býr innra með þeim og veiti hverri annarri m.a. stuðning til þess að létta á skömm og sektarkennd.

Aðferð

Námskeiðið skiptist í sex 90 mínútna hluta þar sem m.a. er fjallað um vald og valdbeitingu, áfallaferlið, sjálfsmyndhyggju, ACE-spurningalistann, reiði og heilbrigð sambönd.

Um námskeið fyrir karla

Karlar á batavegi: Vímuefnameðferð fyrir karla

Námskeiðið, leiðsagnarhópurinn, heitir á ensku *Helping Men Recover: A Program for Treating Addiction* og tekur sérstaklega á þeim þáttum sem karlar með vímuefnavanda glíma við. Námskeiðið er hið fyrsta sinnar tegundar sem ætlað er körlum sem er áfalla- og kynjamiðað. Það er byggt á rannsóknum, kenningum og klínískri reynslu. Ítarleg handbók fylgir fyrir leiðbeinendur og verkefnabók fyrir þátttakendur í námskeiðinu. Námskeiðið er sambærilegt námskeiðinu *Konur finna styrk sinn* (e. *Helping Women Recover*). Námsefnið inniheldur margt af því sem vantar í hefðbundin meðferðarlíkön eins og góðan skilning á áhrifum félagsmótunar karla á bataferlið, að tekið sé tillit til þarfa karla í nánnum samböndum og áhersla á ofbeldisreynslu og áföll.

Einnig er til útfærsla af námskeiðinu sem sérstaklega er ætluð körlum í réttarvörslukerfi. Upplýsingar fylgja fyrir leiðbeinendur um karla í réttarvörslukerfinu, ásamt sérstökum heilræðum um hvernig best er að haga meðferðinni innan veggja fangelsis. Efnið hentar einnig vel á áfangameilum.

Höfundar námskeiðsins eru þau Dr. Stephanie Covington, Dan Griffin og Rick Dauer. Námskeiðið skiptist í fjórar lotur, 18 skipti sem eru 90 mínútur hvert.)

Námskeiðið skiptist í fjórar lotur sem draga fram grunnatriði í bata karla; sjálfið, sambönd, kynverund og andlegt líf. Efnið er sett upp á notendavænan hátt og fylgir vinnubók með.

Efnið byggir á:

Kenningar um vímuefnavanda (e. *Theory of Addiction*)

- Heildræn skilgreining á heilbrigði (e. *Holistic health model*)

Kenningar um sálfræðiþroska karla (e. *Theory of Men's Psychological Development*)

- Kenningar um tengsl og menningu (e. *Relational-Cultural Theory*, Stone Center, Kivel, Pollack)

Áfallakenningar (e. *Theory of Trauma*)

- Þriggja þrepa líkan Judith Herman um bata frá áföllum (e. *Three Stage Model*)

- Spírall upp á við - Breytingalíkan Stephanie Covington (e. *Upward Spiral - A Transformational Model*)

Karlar og áföll. Stutt inngrip fyrir karla

Námskeiðið er áfallaúrræði fyrir karla sem ætlað að styðja þá í að hefja batagöngu frá afleiðingum ofbeldis, misnotkunar og annarrar erfiðrar lífsreynslu og finna leiðir til halda áfram að þroskast, byggja upp seiglu, öðlast meiri lífsánægju og að eiga í innilegri og innihaldsríkari samböndum. Námskeiðið heitir *Exploring Trauma* á ensku og höfundar þess eru Dr. Stephanie Covington og Roberto A. Rodriguez. Námskeiðið er í sex skipti í 90 mínútur í senn.

Efnið sem unnið er með er:

- Áfallaferlið
- ACE-spurningalistinn
- Vald og misnotkun
- Skynörvun og sjálfsefjun
- Heilbrigð sambönd

Mikil áhersla er á hæfni til skynörvunar og jarðtengingar og efnið er sérstaklega aðlagð fyrir stutt inngrip í vímuefnaeðferð, fangelsum og öðrum réttarvörsluúrræðum.

Áhersla er á þrjú lykilatriði sem nauðsynleg eru bæði fyrir starfsfólk og þá sem þiggja þjónustu: skilning á hvað tráma, áföll, eru, hvernig áfallaferlið er og áhrif þess á bæði líðan (hugsanir, tilfinningar, tiltrú og gildi) og breytni (hegðun og sambönd). Með auknum skilningi á áhrifum áfalla er að koma upp á yfirborðið aukinn skilningur á áhrifum áfalla á karla. Þar á meðal er þögnin um valdbeitingu karla, áhrif félagsmótunar á viðbrögð karla við misnotkun, hættuna á því að fórnarlömb verði gerendur og þörfina á því að skilja ótta karla og skömm.

Efnið er líka hentugt til að þjálfar starfsfólk um hvernig karlmennska og áföll tengjast.

Dagskrá tímanna:

- Hver tími hefst á upprifjun á næsta tíma á undan
- Hver tími hefst á slökun (e. *grounding technique*)
- Hver tími hefst á æfingu sem byggir upp traust og felur í sér að deila einhverju jákvæðu
- Hver tími endar á slökun
- Hver tími endar á að verkefni er úthlutað sem á að vinna fyrir næsta tíma
- Hver tími felur í sér að þeir sem vilja gera jógaæfingu (um er að ræða æfingar sem tengjast ákveðnum þáttum bata eftir áföll)

Viðhengi 3. Samstarfsyfirlýsing FMS



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Þjálfun starfsfólks í réttarvörslukerfinu í áfalla- og kynjamiðaðri nálgun – Center for Gender and Justice

Rótin, félag um velferð og lífsgæði kvenna, hefur leitast eftir samstarfi við Fangelsismálastofnun og geðheilsuteymi fanga um að innleiða áfallamiðaða nálgun (e. Becoming Trauma Informed) inn í fangelsisumhverfið og þjálfa leiðbeinendur í meðferðarefni fyrir þá sem eru í afplánun og glíma við áföll og fíkn (Karlar á batavegi/Konur finna styrk sinn). Fangelsismálastofnun telur það mikilvægt skref enda er vitað að mjög hátt hlutfall (allt að 65%) þeirra sem eru í afplánun eiga við virkan vímuefnavanda að stríða sem og hafa upplifað ótal áföll í gegnum tíðina sem þau hafa ekki tekist á við.

Meginmarkmið Fangelsismálastofnunar er að fullnusta refsingar með mannúðlegum hætti þar sem takmarkið er að aðstoða skjólstæðinga til þess að ná bata og draga úr líkum á að þeir brjóti aftur af sér að lokinni afplánun. Fræðsla um og innleiðing áfallamiðaðrar nálgunar er að mati stofnunarinnar ákaflega mikilvægur liður í þeirri vegferð. Fangelsismálastofnun samþykkir þetta samstarf við Rótina, félag um velferð og lífsgæði kvenna og fagnar því um leið.

Selthjarnnes 2/9 21

Staður og dagsetning



Páll E. Winkel
forstjóri Fangelsismálastofnunar

Viðhengi 4. Samstarfsyfirlýsing GHF

kristin@rotin.is

From: Sigurður Örn Hektorsson - HH <HH-sigurdur.orn.hektorsson@healthcareice.onmicrosoft.com>
Sent: föstudagur, 3. september 2021 11:42
To: kristin@rotin.is
Cc: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir - HH; annakristin@fangelsi.is; Óskar Reykdalsson - HH; Páll Egill Winkel
Subject: Samstarfsyfirlýsing

Samstarfsyfirlýsing

Rótin - félag um velferð og lífsgæði kvenna – hefur nýlega leitað eftir samstarfi við Geðheilsuteymi fangelsa HH (GHF) og Fangelsismálastofnunar (FMS) um að innleiða þjálfun í áfalla- og kynjamiðaðri nálgun í meðferð fanga á vegum Rótarinnar og Center for Gender and Justice (CG&J) í Bandaríkjunum. Hefur Rótin gert ítarlega áætlun um þjálfunina og sækir félagið nú um styrk til verkefnisins frá Dómsmálaráðuneytinu.

Í samningi SÍ og HH um rekstur GHF er mikil áhersla lögð á fíknimeðferð fyrir fangana. Hefur GHF þegar lagt grunninn að einstaklingsmiðaðri fíknimeðferð, m.a. með aðferðum skaðaminnkandi nálgunar, áhugahvetjandi samtals og kynjamiðaðrar nálgunar að einhverju leyti. Hefur teymið jafnframt orðið þess mjög svo áskynja að stór hluti fanga hefur flókna áfallasögu, auk fíkní- og geðraskana, sem tengjast áföllum. Þá hefur teymið áttað sig á sláandi mikilvægi kynjamiðaðrar nálgunar við fanga. Því er afar mikilvægt að efla þjálfun allra starfsmanna, sem annast fanga í daglegu starfi.

GHF á þegr í mjög góðu samstarfi við meðferðarsvið FMS um innleiðingu meðferðar í fangelsum landsins. Höfum við sameiginlega þegar farið af stað með námskeið/hópa í reiðistjórnun, núvitund, kvíða o.fl. Þessari innleiðingu hefur miðað allvel, en tekur sinn tíma að þróa.

Báðum aðilum er ljóst að mikil þörf er á þjálfun bæði heilbrigðisstarfsmanna og fangavarda að því er varðar fíknimeðferð almennt og áfalla- og kynjamiðaða nálgun sérstaklega. Eru stjórnendur GHF og meðferðarsviðs FMS sammála um að boð Rótarinnar um skipulagða þjálfun á vegum CGJ, eins og lýst er í meðfylgjandi fylgiskjali, einstakt og kærkomið tækifæri og hvatning til að efla allt meðferðarstarf í fangelsunum.

Fyrir hönd Geðheilsuteymis fangelsa HH lýsi ég teymið reiðubúið til þessa samstarfs við Rótina og FMS og aðild að styrkumsókn til verkefnisins.

Með bestu kveðju,

Sigurður Örn Hektorsson, yfirlæknir
Geðheilsuteymi fangelsa (GHF), Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
Spöngin 35, 112 Reykjavík

Sérgr.: Geðlækningar, fíknilækningar, heimilislækningar
Vs. 821-2218
sigurdur.orn.hektorsson@heilsugaeslan.is